

Of mikið af öllu en samt fær maður ekki nóg

MYNDLIST

Ljósitlífun – Samsýning

★★★★☆

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús

Opið alla daga kl. 10:00-17:00, fimmtudaga til kl. 22.00. Sýningu lýkur 11. apríl. Aðgangur ókeypis.

Ég sé fyrir mér listamann uppallinn í Geitavík í Borgarfirði eystra fyrir aldamótin 1900. Daglega bar hann Dyrfjöll augum og af og til eyddi hann dýrmætum stundum við Hengifoss, og horfði á að gljúfur. Þessar náttúrumyndir urðu hluti af hugmyndaheimi hans, þær tóku sér bólfestu í undirvitundinni, og þegar hann eltist og hóf að leggja stund á listsköpun þá fann listin sér farveg í náttúrumyndunum. Þær leituðu upp á yfirborðið vegna nálægðar hans við náttúruna í æsku.

Ég sé fyrir mér annan listamann uppallinn í Reykjavík á tímum áskriftarsjónvarps. Daglega sat hann við tækið og horfði á teiknaðar skjaldbökur sem kunnu sitthvað fyrir sér í karate og þrjár stúlkur sem flugu um háloftin og börðu á bófum. Af og til eyddi hann dýrmætum stundum í tölvuspili og var þá sjálfur ofurhætja á skjá sem forðaðist eldkúlur og laser-skot. Þessar myndir urðu hluti af hugarheimi hans, þær tóku sér bólfestu í undirvitundinni, og þegar hann eltist og hóf að leggja stund á listsköpun þá fann listin sér farveg í teiknimynda- og tölvumyndunum. Þær leituðu upp á yfirborðið vegna nálægðar hans við teiknimyndaheiminn.

Listin verður seint aðskilin þeim menningarheimi sem listamaðurinn býr eða elst upp við og erum við því farin að sjá yfirþyrmandi áhrif teiknimynda og tölvuleikja í samtímalist. Listamenn á borð við Arturo Herrera, Inka Essenhigh, Takashi Murakami, Michel Majerus, Carroll



Helgi Þórhósson tefir saman fjölda verka, sem skapa heildsteyptan teiknimyndaheim sem á rætur í alþýðulist.

Dunham og Martin Maloney eru á meðal þeirra sem horft er til þegar þessi bylgja er skrásett í samtímalistasöguna, en þeir hafa átt við þetta myndefni í allnokkur ár. Á Íslandi gaf sýningin *Nói át* í Nýlistasafninu okkur tóninn fyrir þremur árum og sýndi hvert íslenskir listmálarar sem ólust upp við áskriftasjónvarp stefndu.

Listasafn Reykjavíkur hefur nú tekið upp þráðinn frá Nóa með tilraun til að gera þessum áherslum yfirgrípsmeiri skil í Errósafninu, sem er vissulega viðeigandi staðsetning því þar er grunnurinn, hjá Erró, Lichtenstein, Wesley o.fl. sem sóttu myndefni í teiknimyndaþróun síns tíma, Agga, Stjána bláa, Dag og hvað þær nú hétu hvunnagsstetjurnar á sjöunda áratugnum. Sýningin ber heitið *Ljósitlífun* og skartar ellefu listamönnum sem eiga það sameiginlegt að vera ekki aldir upp undir fjalli í Geitavík og leita þess vegna í smíðju Cartoon Networks og Boomerang.

Þetta eru listamennirnir sem erfa munu pensilinn og teljast til nýrrar kynslóðar sem tjáir sig í málverki. Reyndar er Gabriela Friðriksdóttir rötgróin í bransanum og Jón Henrysson hefur verið lengi að en haft allt of hægt um sig. Bæði eiga þau samt erindi inn í þetta samhengi. Heimur Gabrielu á sér rætur í sögum um múmínálfa og Jón blandar saman þekktum teiknimyndafígúrum í sex mynda röð þar sem hver mynd er eins og rammi í teikni-

myndasögu. Líkt og hjá Gabrielu og Jóni er frásögnin í fyrirrúmi hjá Söru Riel og Þórdísi Aðalsteinsdóttur. Og þótt ég vilji forðast að pikka einn og einn listamann út (sýningin snýst ekki um feðurarsamkeppni þeirra á milli heldur er meira lagt í að finna samhljóð) þá stenst ég ekki freistinguna að hampa innleggi Söru sem og Helga Þórhóssonar, sem á það sammerkt með Siggu Björg Sigurðardóttur og Sigtryggi Berg Sigmarssyni að tefla saman fjölda mynda sem út af fyrir sig eru ekki frásagnarkenndar en saman skapa þær heildsteyptan myndheim.

Heimir Björgúlfsson kemur nokkuð á óvart með skrautmiklum málverkum með graffití-ívaði og svo eru það Nóa-listamennirnir þrír sem gáfu tóninn í Nýlistasafninu, þeir Davíð Örn Halldórsson, Ragnar Jónasson og Guðmundur Thoroddsen, sem hafna frásögninni og hallast í áttina að svokölluðu skrípabstrakt (comic abstraction).

Þetta er frískleg sýning og vel samstillt litabomba. Hún hefur of mikið af öllu en samt fær maður ekki nóg. Þá velti ég því fyrir mér hvers vegna vídeó og skulptúr hafi ekki fengið að fljóta með (Helgi og Guðmundur eru þeir einu sem færa sig út á gólfíð), því teiknimyndaáhrifin einskorðast ekki við málverk. En það er kannski önnur saga.

Jón B.K. Ransu

Heiðríkja í myrkrinu

TÓNLIST

Kammertónleikar

★★★★☆

Listasafn Íslands

Verk eftir Zahnhausen, Pickard, Þorkel Sigurbjörnsson, Atla Heimi Sveinsson og Kjartan Ólafsson. Flytjendur: Sigrún Eðvaldsdóttir, Zbigniew Dubik, Helga Þórarinsdóttir og Sigurgeir Agnarsson. Sunnudagur 31. janúar.

Lokatonleikar Myrkra músíkdaga hófust á litríku verki eftir Markus Zahnhausen, *Sakura* sem Sigrún Eðvaldsdóttir fiðluleikari flutti með glæsilegum tilþrifum. Tónlistin var skemmtileg blanda af virtúósaöldrum og japanskri þjóðlagahefð; þetta var frábær byrjun á tónleikunum.

Nokkuð síðri var *Bildnis*, (*Portrett*), fyrir einleiksselló eftir sama tónskáld. Það var vissulega fallega ljóðrænt, en vandamálið var að sellóleikarinn, Sigurgeir Agnarsson, átti að syngja um leið og hann spilaði. Sigurgeir er einstakur sellóleikari, en hann er ekki söngvari. Söngurinn var ámatlegur og veiklulegur og skemmdi heildarmyndina.

Tvær tónsmíðar eftir þá Atla Heimi Sveinsson og Þorkel Sigurbjörnsson heyrðust í fyrsta sinn á tónleikunum. Þær voru báðar fyrir blokkflautu og leiknar af Zahnhausen, sem ekki aðeins er tónskáld. Verk Þorkels, *For Markus*, átti greinilega að vera fyndið, en var það ekki nema kannski í lokin, þegar áheyrendur flissuðu nokkuð áberandi. Það veltist samt enginn um af hlátri.

Atli Heimir átti mun einlægari tónlist, *Og hafið kast aði nóttum á land*. Titillinn er fenginn úr ljóði eftir Paul Celan; tónlistin var fallega innhverf, samspil áleitinna tónahendinga og þagna sem skapaði heillandi andrúmsloft. Zahnhausen lék það líka af mikilli tilfinningu.



Rýnirinn hrósar *String Q – Mozaik IV* eftir Kjartan Ólafsson.

Tónleikarnir voru býsna efnismiklir og hér er ekki pláss til að gera grein fyrir öllu sem bar fyrir eyru. Sumum verkunum var ekki gerður neinn greiði með því að troða þeim að á eftir öðrum krefjandi tónsmíðum. Hin völdugi strengjakvartett nr. 3 eftir John Pickard naut sín t.d. ekki sem síðasta atriði fyrir hlé, þrátt fyrir góðan leik Helgu Þórarinsdóttur og Zbigniew Dubik, auk þeirra Sigrúnar og Sigurgeirs. Maður hefur ekki lyst á nautasteik eftir að vera búinn að borða áður kjúkling, kótelettur og kartöflukarrí.

Ein allrabesta tónsmíðin á tónleikunum var *String Q – Mozaik IV* eftir Kjartan Ólafsson. Grunnhugmyndirnar voru eldgamlar tónhendingar, sem voru unnar og þróaðar með nútímaaðferðum. Tónlistin var einstaklega falleg, það var einhver heiðríkja yfir henni sem erfitt er að lýsa með orðum. Maður getur auðvitað sagt að mismunandi hliðar og kaflar verksins hafi verið í góðu jafnvægi, að innra samræmi þess hafi verið sterkt og sannfærandi. Sem er rétt, en tónlistin var bara meira en það. Þetta var án efa eitt besta verk Kjartans og verulega tilkomumikill endir Myrkra músíkdaga.

Jónas Sen

Helgin mín Þórir Georg Jónsson tónlistarmaður

Vinna við tónlistartengd verkefni

Ætli helgin mín verði ekki bara nokkuð svipuð mínum hefðbundnu helgum: Varið að mestu leyti við vinnu að einhverskonar tónlistartengdum verkefnum. Laugardeginum eyði ég væntanlega heima hjá mér við að leggja lokahönd á að hljóðblanda nýju plötuna mína *The Devils*. Ég er búinn að vera að dunda mér við að taka hana upp heima hjá mér í janúar og er núna alveg við það að klára hana. Hún ætti að koma út í mars ef allt gengur eftir.

Á sunnudaginn fer ég svo sjálfsgætt í Kolaportíð að fara í gegnum vínilkassana og bókamarkaðina að leita að einhverju í safnið áður en ég fer á æfingu með hljómsveitinni minni *The Deathmetal Supersquad*. Eftir þá æfingu gæti ég þó farið á aðra æfingu þar sem Fannar félagi minn ætlar að spila með mér á nokkrum *My Summer as a Salvation Soldier*-tónleikum á næstunni.

Á sunnudagskvöldum höfum svo ég og kærastan mín gjarnan reynt að kíkja í bíó og hugsa ég að þessi helgi verði engin undantekning.

Inni á milli mun ég svo reyna að elda góðan mat, lesa aðeins í bók, hlusta á plötur og jafnvel, ef tími gefst, kíkja í einhverja af sundlaugum borgarinnar.

